



HELGIHALD

LÁGAFELLSÓKN

DESEMBER
2019

JÓLAPISTILL

Fyrir organista í kirkjum landsins og flesta tónlistarmenn er aðdragandi jólanna ansi langur. Ég var farinn að velja jólasálma og lög fyrir aðventuna snemma í ágúst. Það fer því ekkert í taugarnar á mér eins og sumum þegar IKEA og Bónus byrja að auglýsa jólavörur seint í október, mér finnst þau satt best að segja vera ansi seint á ferðinni.

Vegna þessa þjófstarts míns í tónlistinni hver jól passa ég að geyma ákveðin element jólanna eins lengi og ég get. Malt og appelsín hef ég fyrir reglu að drekka ekki fyrr en 1. desember. Síld fer ekki í innkaupapokann fyrr en í fyrsta lagi 2. sunnudag í aðventu.

Það er að mörgu leyti svolítið skrítið að vinna í kirkjunni á jólum og öðrum stórhátíðum. Við, starfsfólk kirkjunnar, erum á skjön við aðra hvað varðar frídaga og annað. Þegar sótsvartur pöpullinn er kominn í náttbuxurnar og gullfallegu (lesist: ljótu) jólaþeyturnar, sötrandi kakó og nartandi í piparkökur erum við að klæða okkur í vinnugallanna. Fyrir flesta eru aðfangadagur og jóladagur heilagir frídagar. Mitt jólafrí er 3. í jólum.

Það eru nú samt mikil forréttindi að fá að stuðla að jólaupplifun fólks. Að sitja á orgelbekknum kl.18 á aðfangadag og laða fram tóna jólanna með kirkjukórinn að vopni er töfrandi verkefni. Tilfinningin þegar allt gengur vel og maður finnur jóla-andann seintlast um kirkjugesti þegar „Heims um ból” ómar um kirkjuna er engu lík. Tónlistin sem fylgir jölunum er fyrir marga hvatinn að jólastemningunni sjálfri. Visindamenn sem rannsaka minnið segja að helstu minningakrækjur séu hljóð og lykt. Fullorðinn maður heyrir „Heims um ból” eða finnur lyktina af jólamatnum og er kominn í huganum á bernskuheimilið og samansett upplifun allra þeirra jóla sem hann hefur lifað koma upp í hugann.

Ég vona að þessi komandi jól færi þér og þínum innri frið og kærleika og að við upplifum jólin saman í kirkjunni.

Gleðileg jól!
- Þórður Sigurðarson

AÐVENTUKVÖLD LÁGAFELLSSÓKNAR

Aðventukvöld Lágafellskirkju verður haldið sunnudaginn 8. desember næstkomandi kl 20:00. Ræðumaður kvöldsins er Einar Már Guðmundsson, skáld. Kveikt verður á aðventukransinum og kirkjukór Lágafellskirkju syngur fallega jólamúsík undir stjórn Þórðar Sigurðarsonar, organista. Einsöngvari er Hallveig Rúnarsdóttir. Kaffiveitingar í boði Lágafellssóknar í safnaðarheimilinu að Þverholti 3, 3.hæð.. Allir hjartanlega velkomnir!

HELGHILD Á EIRHÖMRUM

2019

4.des kl.14.30 Hátíðarsamvera, sr. Ragnheiður Jónsdóttir
11. des kl.13.30 Bænastund, sr. Arndís Linn

2020

8. jan, kl.13:30, Bænastund, sr.Ragnheiður Jónsdóttir
22.jan, kl.13:30, Bænastund, sr.Arndís Linn
5.feb, kl.13:30, Bænastund, sr.Ragnheiður Jónsdóttir
19.feb, kl.13:30, Bænastund, sr.Arndís Linn
4. mars, kl.13:30, Bænastund, sr. Ragnheiður Jónsdóttir
18. mars, kl.13.30, Bænastundsr.Ragnheiður Jónsdóttir

HELGIHALD Í DESEMBER 2019

1. DESEMBER 1. SDG. Í AÐVENTUVENTU	🕒 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
8. DESEMBER 2. SDG. Í AÐVENTU	🕒 20	Aðventukvöld Lágafellssóknar Einar Már Guðmundsson
15. DESEMBER 3. SDG. Í AÐVENTU	🕒 11	Litlu jól barnastarfsins Sr. Ragnheiður Jónsdóttir Berglind Hönnudóttir Þórður Sigurðarson
22. DESEMBER 4. SDG. Í AÐVENTU	🕒 11	Bæna- og kyrrðarstund í Lágafellskirkju Sr. Arndís Linn
23. DESEMBER - ÞORLÁKSMESSA	🕒 14	Hjúkrunarheimilið Hamrar Sr. Arndís Linn
24. DESEMBER - ADFANGADAGUR	🕒 13	Jólaguðsþjónusta barna Sr. Arndís Linn Berglind Hönnudóttir Þórður Sigurðarson
	🕒 23.30	Aftansöngur í Lágafellskirkju Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
25. DESEMBER - JÓLADAGUR	🕒 14	Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
	🕒 16	Hátíðarguðsþjónusta í Mosfellskirkju Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
29. DESEMBER	🕒 11	Bæna – og kyrrðarstund í Lágafellskirkju Sr. Arndís Linn
31. DESEMBER - GAMLÁRSDAGUR	🕒 17	Aftansöngur í Lágafellskirkju Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
JÓLA SAMSÖNGUR		Jólasamsöngur í Lágafellskirkju fimmtudaginn 12. desember kl.20 - 21, bjóðum við þér að slást í hópinn í kirkjunni og syngja með okkur öllum hinum jólasálma og -söngva. Komdu fagnandi! Þórður, organisti.
KYRRÐARSAMVERA		Kyrrðarsamvera á aðventu í Mosfellskirkju 7.desember frá kl. 9-11 sr. Arndís Linn og 14. desember kl.9-11 sr. Ragnheiður Jónsdóttir
LÝSING Í KIRKJÖGÖRÐUM		Fyrstu helgi í aðventu mun Ingólfur í Mosraf ásamt sínu fólketja upp ljósakrossa á leiði í kirkjugörðum Lágafellssóknar. Allar nánari upplýsingar veitir Ingólfur í síma 892 1133 eða í gegnum netfangið ingi@raftthonusta.is Hvetjum til að notuð séu vistvæn efni í skreytingum á leiðum!

HELGIHALD 2020

5. JANÚAR	 11	Fjölskylduguðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Arndís Linn Berglind Hönnudóttir Þórður Sigurðarson
12. JANÚAR	 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
	 17	„Batamessa“ í samstarfi við „Vinir í BATA“ Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
19. JANÚAR	 20	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
26. JANÚAR	 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Arndís Linn
2. FEBRÚAR	 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Arndís Linn
9. FEBRÚAR	 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Arndís Linn
16. FEBRÚAR	 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Arndís Linn
23. FEBRÚAR	 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Arna Grétardóttir
1. MARS	 13	Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar Lágafellskirkja, Æskulýðsguðsþjónusta Sr. Ragnheiður Jónsdóttir Berglind Hönnudóttir Þórður Sigurðarson
8. MARS	 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Arndís Linn
15. MARS	 11	Guðsþjónusta í Lágafellskirkju Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

PRESTAR OG STARFSFÓLK

Prestar, sóknarnefnd og starfsfólk Lágafellssóknar óska þér og fjölskyldu þinni gleðilegrar aðventu og jólahátíðar.

LÁGAFELLSSÓKN

Útgefandi: Sóknarnefnd Lágafellssóknar, Mosfellsprestakalli, Þverholti 3, Mosfellsbæ.
Ljósmynd á forsiðu: Úr safni kirkjunnar. Umbrot: Artpró.